



Syðra-Skörðugil

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags tveggja byggingareita.

Drög að aðalskipulagsskráningu.



Syðra-Skörðugil í júlí 2003. Margra alda öskuhauginn ber við himinn af túninu austan við bæjarhólinn.

Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir
júlí 2003

Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir í júlí 2003

Ljósm. á forsíðu Katrín Gunnarsdóttir
© Byggðasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit	
Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Fornleifaskráning og aðferðir	6
Aðferð við skráningu	7
Jarðanúmer	7
Tegund, hlutverk og heiti	7
Lega	8
Staðhættir og lýsing	8
Hættumat	8
Heimildir	8
Saga jarðar og fornleifar	13
Náttúrufar og jarðabætur	13
Staðsetning minja á loftmynd	14
Fornleifaskrá fyrir Syðra-Skörðugil	15
Hlutverk: Torfbær	16
Hlutverk: Öskuhaugur	17
Hlutverk: Fjánhús	17
Hlutverk: Fjánhús	17
Hlutverk: Fjánhús	18
Hlutverk: Vegur	18
Hlutverk: Heimreið	19
Hlutverk: Kartöflugarður	20
Hlutverk: Fiskvinnsla	20
Hlutverk: Kofi (bústaður)	20
Hlutverk: Tún	21
Hlutverk: Vegur	21
Hlutverk: Fjánhús	22
Hlutverk: Vegur	22
Hlutverk: Kvíar	22
Hlutverk: Brunnur	23
Hlutverk: Brunnur	23
Hlutverk: Brunnur	23
Hlutverk: Mógröf	24
Hlutverk: Tún	24
Hlutverk: Býli	24
Hlutverk: Álagablettur	26
Hlutverk: Jarðbrú	26
Hlutverk: Gröf	27
Hlutverk: Vegur	27
Hlutverk: Beitarhús	28
Hlutverk: Stekkur	28
Hlutverk: Tóft	28
Viðbót. Tóft í Stórahólfi. Óskráð	29
Samantekt	30
Heimildaskrá	31

Inngangur

Skipulagsyfirvöld Sveitarfélagsins Skagafjarðar óskuðu eftir því við Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga að fornleifaskráning yrði gerð fyrir Syðra-Skörðugil fyrir deiliskipulagsgerð vegna bygginga tveggja nýrra íbúðarhúsa á útmældum byggingareitum. Annars vegar á bakkanum sunnan bæjarlækjar og norðan loðdýrahúsa austan Sauðárkróksbrautar og hins vegar vestan Sauðárkróksbrautar á túninu sunnan peningshúsanna. Um leið og byggingareitirnir voru skoðaðir var lagður grunnur að aðalskipulagsskráningu fyrir alla jörðina, sem þarf að fullgera sem fyrst.

Fornleifaskráningin og úrvinnla hennar fór fram dagana 7.-16. júlí 2003. Við heimildaleit og skráningu í gagnagrunn og skýrslugerð vann Sigríður Sigurðardóttir. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur fór um svæðið þann 7. júlí ásamt undirritaðri og ábúendum á Syðra-Skörðugili þeim Ásdísi Sigurjónsdóttur og Einari Einarssyni. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Aðrar myndir en loftmyndirnar tók Sigríður Sigurðardóttir.

Athugasemdir ábúenda frá haustinu 2003 hafa verið færðar inn í þessa útgáfu.
Glaumbæ ágúst 2004,
Sigríður Sigurðardóttir

Tilgangur fornleifaskráninga

- ✘ Með fornleifaskráningu er aflað þekkingar um sögu lands og þjóðar og lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.
- ✘ Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparahætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.
- ✘ Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.
- ✘ Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.
- ✘ Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

1. *búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
2. *vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
3. *gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
4. *gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
5. *virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
6. *gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
7. *áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;*
8. *haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
9. *skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.¹ Þjóðminjalaga.

Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga, - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er heldur ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. Þjóðminjalaga).

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.

Fornleifaskráning sameinar jafnt hagsmuni framkvæmdaaðila og þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. Þjml.)

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráning tekur yfir Syðra-Skörðugil. Í samantekt aftast er litið til fyrirhugaðra lóða fyrir tvö íbúðarhús sem óskað hefur verið leyfis til að staðsetja í landi Syðra-Skörðugils. Annað sunnan bæjarlækjar á mótí gamla bæjarhólnum, norðan við núverandi loðdýrahús. Hitt vestan Sauðárkróksbrautar á túninu, suðaustan við peningshús jarðarinnar.

Minjarnar eru staðsettar á loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá árinu 2000 sem skipulagsyfirköld hafa notað til að staðsetja nýju byggingarreitina. Minjarnar eru númeraðar með rauðum lit. Túnakort eftir Guðmund Sveinsson frá 1917 er notað til

¹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

viðmiðunar á húsaleifar, eða undirstöður þeirra, sem enn kunna að vera á sínum stað þótt ekkert sjáist ofanjarðar.

Aðferð við skráningu

Hin eiginlega skráning er í þeim kafla skýrslunnar er nefnist „Saga jarðar og fornleifar.“ Skráðar voru 29 minjar. Þar af voru 25 staðsettar með GPS hnítum og 16 á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Helstu heimildir hafa verið kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, fornrit, sóknalýsingar og aðrar ritaðar heimildir, ásamt kortum. Allar upplýsingar eru skráðar í Sarp, gagnagrunn minjavörslunnar og form skráarinnar miðast við áherslur sem þar eru lagðar. Í sögulega yfirlitinu er gerð grein fyrir nýtingu jarðanna og breytingum og stiklað á öðrum þáttum sem varpa ljósi á sögu byggðar, búskap og nytjar. Nákvæm umfjöllun um Syðra-Skörðugil er í öðru hefti Byggðasögu Skagafjarðar bls. 294-300.

Jarðanúmer

Býlið eru auðkennt með tveimur númerum; landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað og númeri sem gefið var við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.² Syðra-Skörðugil hefur samkvæmt því númer 146065-107. Þetta helgast af því að í Fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum samkvæmt þessu númerakerfi.

Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, túngarða eða annarra kennileita.

Stundum sjást fornleifar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum. Kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að gengið er út frá „heimild“ um t.a.m. vatnsmyllu og er hún þá skráð sem slík. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

² J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Bárðarstaðir, Grænhóll, þá er það sérstaklega skráð. Ef sérnafni er ekki til að dreifa kemur fyrir að hlutverki minjanna er lýst þar sem sérnafn stæði annars, t.d. fjárhús eða brunnur.

Leggja

Jörðin liggur að Glaumbæ að vestan og sunnan, að Jaðri að norðan þar sem Miklagarðsland heyrir undir Hátún frá 1965 og á sameiginlegt land.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er minjunum lýst að formi, umfangi og ástandi. Minjar eru staðsettar með GPS hnitum og merktir inn á loftmyndir nr. 4971 frá Loftmyndum ehf. frá ágúst 2000. Nokkrir minjastaðir eru einnig staðsettir á ljósmyndum.

Hættumat

Lagt er mat á hættu sem að fornleifum kann að stafa af völdum náttúru og manna til þess að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef talin er hættu á að minjar verði fyrir raski.

Hættumatið felst í þrennu:

- a) Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum.
- b) Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar geti máðst burtu fyrir áhrif veðurs og vinda, regnvatns eða uppblásturs.
- c) Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum sjávar, skriðufalla og flóða.

Við skipulag framkvæmda er nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda og fara varlega á svæðum þar sem fornleifar geta hugsanlega leynst í sverðinum.

Heimildir

Vísað er í heimildir við hverja skráða fornleif. Ræðst það af því að skráning hverrar fornleifar á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Heimildir sem stuðst er við í öðrum köflum er getið neðanmáls.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má skipta í minjar innan túns og utan. Bæjarstæði / -hólar og umhverfi þeirra geyma mesta sögu, en stærsta minjaflokkinn mynda hverskonar útihús.

Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur og ýmsa kofa eftir hlutverkum, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa, o.fl. Aldur útihúsa er sjaldan þekktur en þau voru oft byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar um er að ræða þótt engar heimildir hafi geymst um notkun þeirra. Oft er ekki hægt að ákveða hvernig hús voru notuð.

Minjar innan túns

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast afbýli og skemmri tíma bústaðir vel, s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði / bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við síendurteknar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að finna verðmæta gripi. Bæjarstæði eru oft þyrping bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast mjög nálægt bæjarstæðum. Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða. Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða. Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi. **Bænhús** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið og þar mátti ekki grafa lík. Á miðöldum og eftir siðbreytingu 1551 var mörgum kirkjum breytt í bænhús. Vitnisburður um það eru kirkjugarðar sem hafa fundist á stöðum þar sem heimildir geta bænhúsa, en ekki kirkju.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrmdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við flestar kirkjur á fyrstu öldum kristni. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað, og víðar verið kirkjur, en áður hefur verið ætlað.

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smá hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru ýmsir s.s. hæsna- og eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrdir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar til stekkinga en þær voru einn dílkur. Kvíar voru annaðhvort hlaðnar upp líkt og stekkir, eða notaðar voru færíkvíar úr timbri, sem yfirleitt voru staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml / haugur / dys / kumlateigur: Kuml / haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateg. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlategar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum.

Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripaheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti og gjarnan upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfarana, eins og stekkir. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram um og yfir 1700. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripaheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum, eða beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli, sem var þurr staður ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott. Oft var langt til þeirra að ganga, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml, þar sem heyinu var safnað og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Heytóftir eru oft ferkantaðar og engar dyr á þeim. Tóftirnar standa

nokkru hærra en umhverfið til að verjast raka og til að varnar búsmalanum. Heytorf var dregið yfir heyin á haustin og því eru veggja- eða þakleifar vart finnanleg á slíkum tóftum.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi og stundum var hlaðinn garður umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar voru utan túns og oft erfitt að geta sér til um notkun þeirra, en geta verið til að aðgreina land í nytjaeiningar, skjól-, flóðvarna- eða landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar, beðasléttur, um fyrstu tilraunir til túnsléttunar. Fyrstu þrjá áratugi 20. aldar var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum og er tímabilið oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Mótekja: Mór var notaður til eldsneytis og víða um land finnast minjar um það, svo sem gamlar mógrafir, örnefni sem tengist vinnslunni og fleira. Sama gildir um kolagrafir.

Samgöngur: Víða má finna leifar gamalla vega, stífla, brúa, vaða, hafna og bátalægja, ferjustaða og jafnvel kláfa. Einnig vörður, vita og önnur kennileiti.

Minjar við sjó/vötn

Minjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar við hafið. Margar hafa horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar, en þar sem verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum / byggðarlögum kunna að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar, hafi þær varðveist á annað borð.

Sjóhús / verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð.

Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr tímri. Verbúðir voru einnig oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, til geymslu.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markast af grunninn.

Naust / hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Þar sem bátum hefur verið smeygt inn eru naust eru oft bátslaga.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.


Saga jarðar og fornleifar

Syðra-Skörðugil var talið 26 hundruð að dýrleika að fornu mati, þar með talið var eyðibýlið Bárðarstaðir sem hefur ekki verið í byggð um margra alda skeið. Þar var stekkjastæði árið 1713³ og hafði ekki verið byggt í manna minni.

Jörðin var eign biskupsstólsins á Hólum til 1802. Um 1813 komst hún í eigu Jóns Þorleifssonar á Skarðsá. Árið 1867 keypti Jón ríki Þorkelsson á Svaðastöðum jörðina⁴ og hún var eign Svaðastaðaættarinnar til 1940 er Sigurjón Jónasson og Sigrún Júlíusdóttir keyptu hana.

Náttúrufar og jarðabætur

Landi Syðra-Skörðugils er vestan í Langholtinu norðan Torfgarðs, og sunnan Ytra-Skörðugils. Landið nær úr austri frá Holtstjörn og vestur að Sæmundará. Búið er að rækta stóran hluta jarðarinnar. Til jarðarhlunninda fyrir á öldum taldist silungsveiði í Holtsjörn sem hvarf að mestu við framræslu mýrlendis á 20. öld. Til hlunninda á jörðinni var fyrrum einnig talin þokkaleg torfrista og –stunga og hrís til eldiviðar. Ekki var mór nýttur árið 1713. Engjar voru þá sagðar lítilfjörlegar og vatnsbólið brigið.



Á túnakorti eftir Guðmund Sveinsson frá 1917 sést að túnið hefur teygst sig suður fyrir lækinn og lítið eitt austur af brekkunni, en mest er það austan Sýsluvegarins og norður holtið.

Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jörðina frá 1922 voru landmerki frá Holtstjörn að austan, úr miðjum Langatanga suður Flóann og suður í svokallaða Merkjarúfu. Þá var komin girðing þar frá Geldingaholti, á réttum merkjum. Þaðan lá línan beint í stóra þúfu norðan til á Torfgarðsholti. Þaðan beint í vestur og upp í gamalt garðlag á

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1930. Bls. 93.

⁴ Hjalti Pálsson, 2001. Bls. 295.

brúninni rétt fyrir sunnan Bárðarstaði. Áfram upp fyrir sunnan Holtshús þar sem var girðing frá Stóru-Seylu og áfram norðan við girðinguna upp Langholtsás, vestur með Grensholti að norðan og þaðan norður Illaflóann að Steinshæð. Þar átti að setja upp hornmerki. Á milli Skörðugiljanna voru landamörk á merkjalínu við Elivoga og þaðan austur yfir hæðina ofan í Bekksbrún í gamla vörðu, sem stóð rétt austan við upptökin á Lindalæk syðri. Þaðan var bein lína ofan ásinn í gamla vörðu eða stóra þúfu fyrir ofan Kvíaholtssenda. Þaðan beina línu í Holtstjörn meðfram stórum steini sem stóð milli Skörðugiljanna. Þaðan komu merkin í gamalt garðlag og forna vörðu utan og neðan við túnið á Syðra-Skörðugili og ofan mýrarnar eftir gömlu garðlagi niður í Holtstjörn.

Af þeim kennileitum sem hér eru talin eru vörður og garðlög öll horfin.

Staðsetning minja á loftmynd

Mynd frá Loftmyndum ehf. frá 2000. Á myndinni sjást einnig fyrirhugaðir byggingareitir og vegir.





Myndin er tekin 1989. Horft til norðausturs. Byggingarreitur annars nýja íbúðarhússins er við bæjargilið fyrir miðri mynd eða þar um bil. Á neðri myndinni sést bærinn úr norðvestri.

Fornleifaskrá fyrir Syðra-Skörðugil

Hér er hin eiginlega fornleifaskráning, þar sem fornleifum er raðað samkvæmt reglum sem fylgt er í skráningakerfinu Sarpi, eins og þegar hefur verið kynnt. Fornleifum er raðað eftir hlaupandi númerum.



Syðra-Skörðugil 146065 107 - 1

Sérheiti: Syðra-Skörðugil

Hlutverk: Torfbær

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 13. V: 19, 29, 54.

Horfin: Já

Staðhættir

Gamli bærinn var austan við fjósið. Hlað var á milli. Hann er nú horfinn, en rétt austan við bæjarstæðið er Öskuhóll oftast nefndur Hóllinn eða Bæjarhóll. Gamli bærinn, þ.e. hluti hans sem eftir stóð, brann 26. júlí 1990.

Aðrar upplýsingar

Bærinn sneri þremur timburstöfunum móti austri. Bæjardyr voru í miðju en skemma að sunnan til vinstri og skáli að norðan. Baðstofan var alþiljuð. Hún var fimm stafgólfa löng (innanmál um 8 metrar á lengd). Milli skemmu og baðstofu var búr og hlóðældhúsið var beint á móti. Í eldhúsinu var grindasmíð af æfagamalli gerð, stórmerk heimild um forna húsagerð. Inn af eldhúsinu norðan við baðstofuna var eldiviðarkofi, sem var rifinn árið 1940. Þá var baðstofan endurbyggð. Henni var skipt í fimm herbergi. Syðst var íbúðarherbergi, þá eldavélarhús, næst var forstofa svo svefnherbergi og yst var geymsla. Forskalað timburpil var að sunnan og vestan. Sjá mynd og grunnmynd af bænum í Byggðasögu II, bls. 297. Flutt var úr gamla bænum árið 1957 og stóð hluti hans til 1990 er hann brann til kaldra kola.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 296. Akureyri.



Öskuhaugurinn er óskertur og geymir mörg hundruð ára heimildir um búsetu á Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 2

Sérheiti: Hóllinn

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: N: 65, 35, 14. V: 19, 29, 52.

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Öskuhóllinn eða -haugurinn er mikill um sig og margra metra þykkur. Hann var austur af bænum sem stóð stuttan spöl austur af eldra íbúðarhúsinu.

Lýsing

Hóllinn stendur enn óraskaður og er myndaður af aldagömlum öskuburði úr bænum.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 296. Akureyri.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 3

Sérheiti: Fjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 12. V: 19, 29, 50.

Hættumat: Hætta er af framkvæmdum ef ekki er farið varlega

Staðhættir

Tóftin er nokkrum metrum vestan við húsin nr. 2 sunnan við bæjargilið. Nær byggingarreit nýja íbúðarhússins.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Túnakorti frá 1917 stóðu þarna peningshús þá.

Heimildaskrá

Túnakort frá 19. des. 1917.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 4

Sérheiti: Fjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 12. V: 19, 29, 51.

Hættumat: Hættu getur stafað af fyrirhuguðum framkvæmdum við fyrirhugað íbúðarhús og fara þarf varlega með stórvirkar og þungar vinnuvélar.

Staðhættir

Þetta er lítil laut sunnan við bæjarlækinn austast á Hallabruninni um 11 metra austan við fyrirhugaðan byggingareit. Laut er í stefnu austur-vestur, um 7 x 4 metrar að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt gömlu túnakorti stóðu þarna peningshús, sennilega fjánhús, árið 1917.

Heimildaskrá

Túnakort frá 19. des. 1917.

Vettvangsathugun 7. júlí með Einar Einarssyni Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 5

Sérheiti: Fjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 11. V: 19, 29, 56.

Horfin: já

Hættumat: Hætta getur stafað af framkvæmdum við nýtt íbúðarhús og vegalagningu.

Staðhættir

Fjánhúsin stóðu vestan við fyrirhugaðan byggingareit á bakkanum sunnan við bæjarlækinn. Þar sunnan við og fyrir vestan kom sýsluvegurinn heim að túngarði og heimreiðin eða afleggjarinn lá af honum sunnan við þessi hús til norðausturs niður í bæjargilið og yfir lækinn á vaði sunnan við gamla bæinn.

Lýsing

Þarna er ekkert að sjá annað en óregluleg tóftarbrot á allstóru svæði.

Aðrar upplýsingar

Braggi frá seinnistríðsárunum var vestan við fjánhúsin. Hann var rifinn árið 2000 en fjánhúsin eitthvað fyrr.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7. júlí með Einar Einarssyni Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 6

Sérheiti: Sýsluvegur

Hlutverk: Vegur

Tegund: Gata

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Uppgróinn og varla merkjanlegur vegurinn lendir væntanlega á vettvangi fyrirhugaðra framkvæmda.

Staðhættir

Vegurinn liggur norður að vaði milli Hyrnu og Kringlu. Hann kom sunnan melinn þar sem nú er miðhús loðdýrahúsanna.


Aðrar upplýsingar

Þetta er vegurinn sem bættist við sýsluvegin árið 1886 frá Sauðárkróki fram að Reykjarhóli. Vegurinn var á sama stað þar til núverandi akvegur var lagður.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason, 1987. Bls. 26.

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.



Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 sést afstaða húsa þá. Rauða brotna línan táknar túngarðinn. Enn má sjá brot af honum á norðurbakka lækjarins á Kringlu, við vaðið á Sýsluveginum. Á teikningunni vinstra megin þar sem garðurinn sker lækinn.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 7

Sérheiti: Slóð

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 35, 13. V: 19, 29, 53.

Horfin: Já

Staðhættir

Suður frá gamla bæjarstæðinu lá slóðin eða heimreiðin niður að læknum, yfir vað og upp brekkuna á móts við fyrirhugaðan byggingarreit.

Lýsing

Slóðin er algerlega horfin nema hægt er að sjá hvar vað var á læknum sunnan við bæjarhólinn, sunnan kartöflugarðsins.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Einari Einarssyni Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 8

Sérheiti: Kartöflugarður

Hlutverk: Kartöflugarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 13.V: 19, 29, 53.

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Kartöflugarður var sunnan við gamla bæinn, í bæjargilinu á móti suðri. Notaður mest alla 20. öld.

Lýsing

Þarna er lítið að sjá annað en gróskumikinn gróður.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 9

Sérheiti: Harðfisksteinninn

Hlutverk: Fiskvinnsla

Tegund: Frásögn

Staðhættir

Steinninn er austan við eldra íbúðarhúsið. Þar var áður skúrbygging þar sem saltkjöt o.fl. var geymt.

Lýsing

Þetta er nokkuð stór grágrýtissteinn með sléttri hlið.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Einari Einarssyni Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 10

Sérheiti: Bergskofi

Hlutverk: Kofi (bústaður)

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 18. V: 19, 29, 55.

Horfin: já

Staðhættir

Kofinn stóð á svokölluðum Hjörtshól sem var utarlega í gamla túninu eins og það var. Sjá túnakortið frá 1917. Þar stendur íbúðarhúsið frá 1974-1975.

Aðrar upplýsingar

Þarna byggði Sigurbergur Ólafsson frá Syðra-Skörðugili sér kofa til íbúðar nokkru fyrir 1930 og bjó fram til 1940. Kofi hans var nefndur Bergskofi. Hann bjó síðar í Varmahlíð í kofa sem einnig var við hann kenndur. Árið 1917 var þarna peningshús, sennilega fjárhús. Nafnið á hólnum tengist einnig mannsnafni.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 296. Akureyri.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 11

Sérheiti: Kringla

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 13. V: 19, 30, 1.

Hættumat: Túnið mun fara undir nýjan afleggjara að hluta.

Staðhættir

Norðan við bæjarlækinn, vestan eldra íbúðarhússins er skiki sem heitir Kringla.

Um Kringlu lá sýsluvegurinn.

Lýsing

Gamalt uppgróið tún.

Aðrar upplýsingar

Túnið er sunnan við núverandi afleggjara og vestan við trjagarðinn við syðra húsið.

Áður en það var sléttað voru þar gríðarlega stórar þúfur. Síðustu árin hefur þessi blettur verið kallaður Kúahólf af því kúnum hefur verið beitt á það. Á móti Kringlu, sunnan við lækinn, er túnblettur sem heitir Þríhyrningur eða Hyrnan og nær suður að heimveginum að loðdýrahúsunum og austur að tóftum fjárhúsanna. Hugsanlega hefur stórbýfið á Kringlu verið leifar gamalla mannvirkja.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason, 1987. Bls. 26-27.

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 12

Sérheiti: Sýsluvegur

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 35, 19. V: 19, 30, 3.

Hættumat: Vegurinn verður skorinn af nýjum afleggjara bæði sunnan og norðan vaðs.

Ástand: Sjáanlegur sitt hvoru megin vaðs við lækinn.

Staðhættir

Á bæjarlæknum milli Kringlu og Hyrnu er vað. Þar sést vel móta fyrir hvar

Sýsluvegurinn lá yfir hann og suður yfir Hyrnu, meðfram tóftum fjárhúsanna nr.5 og eftir hrygg eða mel þar sem nú eru Loðdýrahúsinu.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 13

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 65, 35, 13. V: 19, 29, 53.

Ástand: Slæmt

Horfin: Að mestu

Staðhættir

Á bakkanum norðan við bæjarlækinn, austan vaðs á Sýsluveginum sjást brot af gömlum túngarði. Þetta er um 2 metra langur bútur, sem hefur sennilega legið norður-

suður. Samkvæmt túnakortinu frá 1917 hefur túngarðurinn einmitt legið þarna um og sennilega hefur hann fylgt Sýsluveginum eitthvað norðureftir. Sjá kortið.

Lýsing

Ógreinileg brot, eins og stór þúfa á lækjarbakkanum.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 14

Sérheiti: Peningshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 17. V: 19, 29, 54.

Horfin: já

Staðhættir

Þar sem fjósið er nú var peningshús, annaðhvort fjós eða fjárhús árið 1917.

Heimildaskrá

Túnakort frá 19. des. 1917.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 15

Sérheiti: Sýsluvegurinn

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 35, 19. V: 19, 30, 6.

Ástand: Slæmt

Horfin: Að mestu

Staðhættir

Þar sem gamli Sýsluvegurinn liggur inn í skógarreitinn, við norðurjaðar túnsins, vestan við yngra íbúðarhúsið, sést vel móta fyrir honum ennþá.

Lýsing

Vegurinn lá til norðurs vestan við Kvíaholtið, sem nú er á kafi í trjágróðri eins og vegurinn á þessum kafla.

Aðrar upplýsingar

Allt innan skógræktargirðingar er að fara á kaf í gróðri.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 16

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 19. V: 19, 30, 6.

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Kvíarnar voru á Kvíaholtinu við merkin milli Syðra-Skörðugils og Ytra-Skörðugils.

Aðrar upplýsingar

Þarna voru mjaltakvíar. Sýsluvegurinn lá norður yfir Kvíaholtið sem nú er á kafi í trjágróðri. Um miðja 20. öld gróðursetti Ungmennafélagið Fram í Seyluhreppi trjáplöntur í 1 ha. reit þarna. Skörðugilsbændur eiga landið en Ungmennafélagið trén.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 297. Akureyri.
Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 17

Sérheiti: Bæjarbrunnurinn

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: N: 65, 35, 14. V: 19, 29, 55.

Horfín: já

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Brunnur var á bæjarhlaðinu og er við norðausturhorn núverandi fjóss.

Aðrar upplýsingar

Brunnurinn þornaði upp um miðja 20. öld.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 296. Akureyri.
Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 18

Sérheiti: Brunnurinn

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: N: 65, 35, 16. V: 19, 29, 55.

Horfín: Já

Staðhættir

Brunnurinn var sunnan megin við Dragið norður af gamla bæjarstaðinu.

Heimilishundar á Skörðugili hafa margir fengið legstað í brunninum.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 19

Sérheiti: Lindin

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: N: 65, 35, 16. V: 19, 29, 44.

Staðhættir

Brunnurinn er neðarlega í gamla túninu og var hann nefndur Lind. Þetta er kaldavermsluppspretta sem aldrei þrýtur.

Lýsing

Brunnur þessi sést vel enda er vatnssuppgangur þar enn og skepnur ná þar

vatni.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil - 146065-107-20

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Mannvirki

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Við Torfholt, sem er austur af og fyrir neðan bæinn eru mógrafir.

Aðrar upplýsingar

Fram kom í jarðalýsingu frá 1713 að mótekja var ekki nýtt þá en hún var þekkt.

Mótaka hefur sennilega verið stunduð þarna á 19. og 20. öld og leiða má líkum að því vegna orðalags jarðabókarinnar að þarna hafi einnig verið tekinn mór fyrr á öldum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 297. Akureyri.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1930. Bls. 93.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 21

Sérheiti: Grundin

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 35, 15. V: 19, 29, 44.

Ástand: Gott

Staðhættir

Sunnan við bæjarlækinn, neðan við Höllin heitir Grund. Slétta sem alltaf var slegin fyrir daga vélræktunar.

Lýsing

Í bæjarlæknum norðan við Grundina var Grundarfoss. Hann hefur minnkað mikið frá því áður var.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 22

Sérheiti: Bárðarstaðir

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 34, 56. V: 19, 29, 44.

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Bárðarstaðir er á Höllunum sunnarlega í



Norðan við Grundina rann bæjarlækurinn í fossi, sem heitir Grundarfoss. Hann hefur tekið miklum stakka-skiptum síðustu 50 árin og er varla orðinn svipur hjá sjón.

landi Skörðugils austan við Sauðárkróksbraut. Um 5 metra frá norðvesturhorni rústarinnar er stór steinn nafnlaus en gott kennileiti.

Lýsing

Tóftin er í tvennu lagi, um 14 m löng og um 9 m breið og liggur í vestur/austur.

Aðrar upplýsingar

Bárðarstaðir eru uppi á Höllunum upp undan Steinbogamóum. Talið er að þetta sé fornbylí. Túnblettur lítill er sunnan við lítið drag. Sagt er að hann sé álagablettur sem ekki má slá.

Bárðarstaðir eru nefndir í Seylubréfi frá 1406 og munu þá hafa verið komnir í eyði og aldrei byggðir síðan. Tóftir eru þó nokkrar. Um 1713 var þar stekkur frá Skörðugili. Væta var í draginu sunnan við Bárðarstaði. Í byrjun 20. aldarinnar voru Bárðarstaðir vinsæll áningarstaður ferðamanna. Munnmæli herma að Bárður sá er býlið er við kennt hafi verið maður fátækur. Eitt sinn fór hann suður í Stóru- Seylu og bað um eitthvað (sumir segja mat) en var synjað og bægt frá og á að hafa orðið úti á heimleiðinni.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili, 7. júlí 2003.

Munnmæli

Ásdís Sigurjónsdóttir sagði að faðir hennar hefði einhvern tíma ætlað að slétta úr Bárðarstöðum, en þá kom eitthvað fyrir, hún mundi ekki hvað en minnti að ein uppáhaldshryssan hans hefði drepist eða veikt. Í það minnsta hætti hann snarlega við framkvæmdir þar.



Rústir Bárðarstaða eru um 14 x 9 m að ummáli, tvískiptar, fremur ógreinilegar. Þykkir veggir með gróskumiklu grasi. Þarna var vinsæll áningastaður ferðamanna fyrir á tímum.



Rústin er mjög útlött, en greinilega tvískipt.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 23

Sérheiti: Bárðarstaðir

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Álagablettur

Staðsetning: N: 65, 35, 33. V: 19, 30, 12.

Staðhættir

Sunnan við Bárðarstaði er drag og sunnan þess er talsverður blettur sem brotinn var til ræktunnar en aldrei sleginn.

Munnmæli

Bárðarstaðatúnið var talið vera álagablettur og bændur hafa ekki látið heyja þar. Þarna hefur samt verið borið á, en aldrei slegið.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 299. Akureyri.

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.



Sunnan við Bárðarstaði (fjar til hægri) liggur gamli Sýsluvegurinn yfir lítið uppornað drag á jarðbrú.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 24

Sérheiti: Sýsluvegurinn

Hlutverk: Jarðbrú

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 35, 33. V: 19, 30, 12.

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Sunnan Bárðarstaða í landi Syðra-Skörðugils er gildrag þar sem áður var væta.

Þar yfir lá gamli sýsluvegurinn á upphlaðinni jarðbrú sem enn sést vel móta fyrir. Um og eftir aldamótin 1900 fór menn að hlaða upp og laga sýsluvegin til að gera hann vagnfæran.

Aðrar upplýsingar

Vegurinn lá norður yfir lækinn og vestan við stóra steininn hjá Bárðarstöðum.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason, 1987. Bls. 26.

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 25⁵

Hlutverk: Gröf

Tegund: Dys

Staðsetning: N: 65, 34, 58. V: 19, 29, 40.

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Við eina s-beygjuna á Holtsveginum þar sem hann lá niður Höllin neðan við Bárðarstaði voru dysjaðir nokkur hundruð kindaskrokkar vegna riðuveiki árið 1991.

Aðrar upplýsingar

Þótt ekki sé um fornleif að ræða er vert að taka þetta fram hér svo það komi engum á óvart seinna ef óvenjulega mörg kindabein finnast í jörðu á þessum slóðum.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 26

Sérheiti: Holtsvegurinn

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 34, 57. V: 19, 29, 40.

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Geldingaholtsvegur núverandi liggur upp með landamerkjum Torfgarðs og er allur í landi Skörðugils. Eldri vegur að Geldingaholti, Flóabruin var nokkru norðar. Enn sést þar uppbyggður vegur sem fer í sveigum upp hallann. Eldri gata mun hafi verið enn norðar og lá eftir rinda skammt sunnan við Holtstjörn. Steinbogamóar eru niður við Holtsflóa og ná suður að landamerkjum Skörðugils og Torfgarðs. Kelda aðskilur þá frá mýrarfláka þar fyrir ofan. Yfir hana var byggð jarðbrú með steinboga.

Aðrar upplýsingar

Vegurinn liggur í beygjum og sveigjum niður Höllin fyrir austan Bárðarstaði og beint á Holtið yfir Steinbogamýrar. Setinboginn sést enn. Vegurinn var notaður mest alla 20. öld. Óvíst er hve þessi leið er gömul. Hún er þó varla eldri en Sýsluvegurinn frá 1868. Líklegt er að fyrstu áratugina hafi leiðin, slóðin, aðeins verið reið- og fjárgötur og vegur lagður og hann byggður upp nær miðri 20. öld.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason, 1987. Bls. 26.

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

⁵ Hér er ekki um fornleif að ræða, en skráð vegna mikilvægi hennar fyrir sögu jarðarinnar og framtíðina að þekkja hvar mörg hundruð sauðfjár voru grafin árið 1991.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 27

Sérheiti: Holtshús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 27. V: 19, 30, 32.

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Stórt afgirt beitarghólf er vestan við Sauðárkróksbraut. Þar rís dálítill hóll syðst í landinu u.þ.b. 50-60 m vestan vegarins og sést allstór sporöskjulaga hringur en engar skýrar húsatóftir.

Lýsing

Holtshús eða leifar þeirra eru á smáhæð skammt vestan við þjóðveginn. Þar eru óglöggar mannvirkjaleifar um 9 x 15 metrar. Þýfður blettur er í kring, en skammt vestan við eru tún. Norðvestan við stykkið er dálítill hæð.

Aðrar upplýsingar

Holtshús eru í svokölluðu Stórahólfi, suður undir landamerkjum og stutt vestan við veginn voru beitarhús frá Geldingaholti fyrir allöngu. Geldingaholt átti hússtöðu og vetrarþing fyrir kvikfé í Skörðugilslandi árið 1713. Á móti máttu Skörðugilsbændur beita nautgripum á Holtland á sumrin.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 297. Akureyri.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1930. Bls. 93.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 28

Sérheiti: Grænhóll

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 35, 16. V: 19, 21, 13.

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Stekkur var á Grænhóli fyrir vestan og ofan núverandi peningshús.

Lýsing

Nokkuð umfangsmikil tóftabrot eru á hólnum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 297. Akureyri.

Syðra-Skörðugil 146065 107 - 29

Sérheiti: Þorgeirstóft

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnalýsingu kemur fram að uppi á há ásnum fyrir ofan Skörðugilsbæina er mýrarflói er nefnist Bekkur og liggur hann frá suðri til norðurs. Á brúninni austan við

flóann er tóftarbrot nefnt Þorgeirstóft og spölkorn sunnar er svokölluð Skollatóft. Tóftarbrotin eru um 10 x 7 metrar en ógreinileg. Holtið sést heiman frá bænum.

Aðrar upplýsingar

Í dag eru Þorgeirstóftir ókunnugar heimafólki á Skörðugili.

Heimildaskrá

Vettvangsathugun 7.7. 2003 með Ásdísi Sigurjónsdóttur Syðra-Skörðugili.

Örnefnalýsing Rósmundar G. Ingvarssonar frá 1999.

Viðbót. Tóft í Stórahólfi. Óskráð.

Heimild: Ásdís Sigurjónsdóttir

Samantekt

Ræktun og húsbyggingar 20. aldar hafa afmáð mörg merki um eldri búskap á Syðra-Skörðugili. Þó er enn vitað með nokkurri vissu hvar helstu hús stóðu. Af 29 minjum sem skráðar voru eru 8 horfnar. Flestar eru minjarnar afar ógreinilegar. Fjárhústóftir sem eru að mestu horfnar af yfirborðinu eru í mestri hættu vegna framkvæmda á fyrirhuguðu íbúðarhúsi norðan loðdýrahúsanna. Þetta eru minjar nr. 3, 4 og 5. Telja má víst að undirstöður eldri bygginga leynist neðanjarðar á þeim stöðum. Minjar nr. 6, 11 og 12 munu fara að hluta undir fyrirhugaðan nýjan afleggjara um Hyrnu og Kringlu (Kúahólfið). Ein minjanna í skránni nr. 25 er 20. aldar menjar útrýmingaherferðar sauðfjárveikivarna, þar sem grafið var riðusmitað sauðfé árið 1991. Minjar nr. 11, 18, 19 og 26 eru á mörkum þess að vera friðaðar. Það eru aftur á móti minjar nr. 27, 28 og 29 sem voru staðsettar af Hjalta Pálssyni Byggðasöguritara en hafa ekki verið teiknaðar eða metnar.

Heimildaskrá

Ásdís Sigurjónsdóttir Syðra-Skörðugili f. 1949. Á vettvangi 7.7. 2003.

Einar Einarsson Syðra-Skörðugili f. 1971. Á vettvangi 7.7. 2003.

Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Akureyri.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Kaupmannahöfn.

Kristmundur Bjarnason, 1987. Sýslunefndarsaga Skagfirðinga. Fyrri hluti. Akureyri.

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnalýsing fyrir Syðra-Skörðugil frá 1999.